Skýrsla 119

um efnahag sýslusjóða í Austuramtinu 1892.

I. Norður-Þingeyjarsýsla.

Tekjur.

Eign frá fyrra ári	kr. 68,03	
Niðurjöfnun, 11 a. á hvert hundrað	— 345,21	— 413,24

Gjöld.

Kostnaður sjóðsins	kr. 360,50	
Eign til næsta árs	— 32,74	— 413,24

II. Norður-Múlasýsla.

Tekjur.

Niðurjöfnun, 21 e. á hvert hundrað		— 1841,60

Gjöld.

Skuld frá fyrra ári	kr. 87,69	
Kostnaður sjóðsins	— 1073,40	
Eign til næsta árs	— 680,51	— 1841,60

III. Suður-Múlasýsla.

Tekjur.

Eign frá fyrra ári	kr. 713,86	
Niðurjöfnun, 21 a. á hvert hundrað	— 1687,14	
Aukatekjur	— 220,81	— 2621,81

Gjöld.

Kostnaður sjóðsins	kr. 2007,32	
Eptir úrskurði amtsráðsins	— 10,02	
Eign til næsta árs	— 604,47	— 2621,81

Skrifstofu Austuramtsins, Akureyri 14. nóv. 1893.

J. Havsteen.

Skýrsla 120

um efnahag sýsluvegasjóða í austuramtinu 1892.

I. Norður-Þingeyjarsýsla.

Tekjur.

Eign frá fyrra ári	kr. 44,47	
Sýsluvegagjald	— 343,04	
Skuld við reikningshaldara	— 15,03	kr. 402,54

Gjöld.

Vegabótakostnaður		— 402,54

II. Norður-Múlasýsla.

Tekjur.

Eign frá fyrra ári	kr. 165,63	
Sýsluvegagjald	— 1214,63	
Skuld við reikningshaldara	— 2052,20	kr. 3439,46

120

Gjöld.

Vegabótakostnaður		— 3439,46

III. Suður-Múlasýsla.

Tekjur.

Eign frá fyrra ári	kr. 175,17	
Sýsluvegagjald	— 1420,74	— 1595 91

Gjöld.

Vegabótakostnaður	kr. 722,16	
1/2 sýsluvegasjóðsgjaldið gengur frá samkvæmt 3 gr. laga 1887, sem sje	— 710,37	
Samkvæmt úrskurði amtsráðsins á reikningnum fyrir 1891	— 1,37	
Eign til næsta árs	— 162,01	— 1595,91

Skrifstofu Austuramtsins 14. nóv. 1893.

J. Havsteen.

121 23. nóv. **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins í Norðuramtinu og Austuramtinu* **um skipting Seyðisfjarðarhrepps í tvö sveitarfjelög.** — Eptir að hafa fengið þóknanlegt álit og tillögur yðar, herra amtmaður, í brjefi dags. 6. þ. m. viðvíkjandi, skiptingu Seyðisfjarðarhrepps innan Norður-Múlasýslu í tvö hreppsfjelög, er hlutaðeigandi hreppsbúar og hreppsnefnd hefur óskað eptir og sýslunefnd sýslunnar samþykkt, skal hjer með samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar frá 4. maí 1872 skipað svo fyrir, sem hjer segir:

1. Seyðisfjarðarhreppi í Norður-Múlasýslu skal skipt í tvö sveitarfjelög, og skulu takmörk þeirra vera landamerki milli jarðanna Fjarðar og Sörlastaða að sunnanverðu, en merki milli jarðanna Vestdals og Dvergasteins að norðanverðu. Nefnist hinn ytri hluti Seyðisfjarðarhreppur, en hinn innri fyrst um sinn Innrihreppur.

2. Öllum eignum og skuldum hins núverandi Seyðisfjarðarhrepps, þeim er verða þegar skiptingin fer fram, skal skipt þannig milli hinna nýju sveitarfjelaga, að hinn nýi Seyðisfjarðarhreppur fái og beri 4/13 en innhreppurinn 9/13, eptir því sem nákvæmar hefur samþykkt verið á almennum sveitarfundi á Vestdalseyri 30. maí 1891, og sveitarþyngslum þeim, sem nú eru og sem síðar kunna að koma til, og eiga rót sína í fjelagsskap þeim, er hingað til hefur á verið, skal skipt milli sveitarfjelaganna eptir sama hlutfalli, þó þannig, að þeir af íbúum hins sameinaða hrepps, sem verða styrkþurfar eptir að skiptingin hefur fram farið, og sveit mundu hafa átt í hinum forna hreppi, eigi framfærslurjett í því sveitarfjelaginu, sem heimili þeirra við skiptinguna heyrir til, ef þeir í hvorugu hinna nýju sveitarfjelaga hafa náð að vinna sjer framfærslurjett eptir lögunum.

3. Aðskilnaður hreppanna skal fara fram undir eins og amtmaður hefur ákveðið tölu hreppsnefndarmanna í hvorum hreppi, samkvæmt 2. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar, og hinar nýju hreppsnefndir þar eptir hafa verið